



Fundargerð

Stjórnarfundur Þyts

Stjórnarfundur haldinn í húsnæðir Þyts þann 21. mars 2023.

Fundur hófst: 20:10

Fundi slitið: 22:30

Fundinn sátu: Pétur Már, Markús, Daniel, Þóra, Helga Veronica, Ágústa og Rán

Funargerð ritaði: Rán

Dagskrá

1. Fundargerðir

- a. Fundargerð frá 7. mars samþykkt.

2. Erindi frá Friðriki Erni

- a. Formaður les erindi frá Friðriki Erni til stjórnar Þyts þess efnis að stjórn útbúi kynningarefni fyrir hann til að hann geti kynnt á ferðum sínum um Evrópu á Xenu.
- b. Stjórn hafnar erindinu.

3. Póstur frá Maríu Sif Guðmundsdóttur

- a. María Sif sendi tilboð sem stjórn fer yfir. Ákvörðun tekin um að festa kaup á 2 x kvennagöllum (1 x M 1x L) og 2 x karlagöllum (1 x M 1x L). Útlit og verð á útleigu ákveðið sem 5.000,-
- b. Rán setur inn í verðskrána á vefnum.

4. Kaup á fartölvu

- a. Stjórn tók ákvörðun um að festa kaup á 152.000,- króna fartölvu fyrir störf stjórnar.

5. Stólakaup fyrir salinn.

- a. Tilboð komið í bólstrun á notuðum stakko stólum upp á 14.800,- með efninu per stól en stjórn vill bera saman verðið á því hver kostnaðurinn væri ef að félagsmenn bólstra sjálfir.

6. Útnefning íþróttastjóra

- a. Markús býður sig fram til að vera íþróttastjóri sem er einróma samþykkt af stjórn.

7. Staða kynningarefnis

- a. Helga sendir Ágústu og Pétri myndefni og þá geta þau farið af stað í að laga bæði þrúbrot og plagöt fyrir næsta ár.

8. Staða 6. bekkjar boðsins

- a. Rán er komin með efnið frá Pétri Th. og mun hafa samband við skólastjórnendur og kennara í þessari viku.
- b. Varðandi greiðslu frá Hafnarfjarðarbæ vegna þessa boðs þá þarf að taka aftur upp samtalið við vinnuskólann um að við fáum greitt fyrir boðin í ár en slíkt var samþykkt í fyrra en málin ekki kláruð.

9. Samtal við vinnuskólann

- a. Markús opnar það samtal á morgun við Tinnu Dal varðandi vinnuskólann.
- b. Mikilvægt að vera snemma í því að vera með opin augu fyrir starfsfólki.
- c. Rætt um að opna fyrir skráningu á sumarnámskeiðin fljótlega. Það gæti þá þurft að opna fyrst fyrir 13 krakka þar til að við erum tryggja starfsmenn til að sjá um



Fundargerð

Stjórnarfundur Þyts

námskeiðin og opna þá fyrir skráningu fyrir 13 börn í viðbót. Heildarfjöldi barna per námskeið yrði þá 26 þegar mönnun hefur verið tryggð.

10. Önnur mál

- a. Hafa samband við Borgun vegna tölvupósta sem eru að berast til okkar.
- b. Hafist hefur verið handa við viðgerðir á girðingunni en Hafnarfjarðarbær fann töluvert ódýrari lausn en við höfðum fengið tilboð í.
- c. Þura minnir á að Bjarki og Þóra verða með fræðsluerindi á morgun og hvetur okkur til að mæta og bera út orðið til félagsmanna og fleiri áhugasamra.
- d. Viðhaldsvinna í gangi á morgnana í miðrými hjá Markúsi og Árna Áskels, Jói Bert er að fara að vinna í kayakönum, Jamie ætlar að taka frí til að vinna í bátum klúbbsins, Marek er búinn að laga stigann niður að flotbryggju, Ventura báturinn kominn út, ljósinn koma á morgun í salinn svo það er mikill gangur í viðhaldsvinnu klúbbsins.